

# Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 16. júní 2022

Mál nr. S-714/2022:

## Héraðssaksóknari

(Friðrik Smári Björgvinsson aðstoðarsaksóknari)

gegn

## Mohamad Kourani

(Stefán Ragnarsson lögmaður)

### Dómur:

#### I

Mál þetta, sem dómtekið var 2. júní, að lokinni aðalmeðferð, er höfðað með þremur ákærum á hendur ákærða Mohamed Kourani, kt. 000000-0000, [...]. Undir rekstri málsins voru málin sameinuð, sbr. 1. mgr. 169. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Með ákæru lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu dags. 5. apríl 2022 var mál höfðað á hendur ákærða fyrir eftirtalin brot:

#### I.

Líkamsárás, með því að hafa miðvikudaginn 6. maí 2020, skrifstofu [...] í Reykjavík, ráðist á A, kt. 000000-0000, með hnefahöggum á brjóstkassa A og slegið til hans með stytta, sem þar var á afgreiðsluborði, þannig að hún hafnaði á hægri úlnlið A, með þeim afleiðingum að A hlaut um mar á brjóstkassa og yfirborðsáverka á hægri úlnlið og hendi. ([...]).

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

#### II.

Húsbrot, með því að hafa föstudaginn 5. júní 2020, með ógnandi framkomu neitað að yfirgefa starfsstöð A lögmanns, kt. 000000-0000, á skrifstofu [...] í Reykjavík, er starfsfólk skoraði á ákærða að gera það. ([...]).

Telst þetta varða við 231. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

### III.

Brot gegn nálgunarbandi, með því að hafa sett sig í samband við A lögmann, kt. 000000-0000, sem ákærði sætti nálgunarbandi gegn í sex mánuði frá 6. júní 2020, með því að:

1. Senda A ítrekað skilaboð dagana 11. til 18. júní 2020 úr farsímanúmerinu [...].
2. Hringja ítrekað í farsímanúmer A, [...], dagana 11. til 24. júní 2020 úr farsímanúmerunum [...] og [...], sem ákærði hafði til umráða á framangreindu tímabili. ([...]).

Telst þetta varða við 1. mgr. 232. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

### IV.

Eignaspjöll, með því að hafa, þriðjudaginn 4. ágúst 2020, sparkað í rúðu í hurð í húsnæði Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins að Drápuhlíð 14-16 í Reykjavík með þeim afleiðingum að rúðan brotnaði. ([...]).

Telst þetta varða við 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

### V.

Brot gegn sóttvarnalögum, með því að hafa á tímabilinu 10. október 2020 til 24. október sama ár, er honum bar að vera í sóttkví eftir komu til Íslands frá Varsjá í Póllandi þann 10. október 2020, farið í samtals 7 skipti af dvalarstað sínum að [...] í Reykjavík, án þess að brýna nauðsyn bæri til, og á lögreglustöðina að Hverfisgötu 113 í Reykjavík, og þannig brotið gegn skyldum einstaklinga í sóttkví eins og hér er lýst:

1. Fimmtudaginn 15. október 2020, kl. 10:06, þar sem hann fór inn í fremra anddyri, stóð þar um stund og yfirgaf það síðan. ([...]).
2. Miðvikudaginn 21. október 2020, kl. 12:40, þar sem hann fór inn í innra anddyri þar sem hann ræddi þar við starfsmann og yfirgaf það síðan. ([...]).
3. Miðvikudaginn 21. október 2020, kl. 14:06, þar sem hann fór inn í innra anddyri þar sem hann ræddi þar við starfsmann og yfirgaf það síðan. ([...]).
4. Miðvikudaginn 21. október 2020, kl. 14:36, þar sem hann fór inn í fremra anddyri þar sem hann veifaði og yfirgaf það síðan. ([...]).

5. Fimmtudaginn 22. október 2020, kl. 10:37, þar sem hann fór inn í innra anddyri þar sem hann ræddi þar við starfsmann og yfirgaf það síðan.  
([...]).
6. Fimmtudaginn 22. október 2020, kl. 14:13, þar sem hann gerði sig líklegan til að fara inn í fremra anddyri með því að opna dyrnar en hætti við og hvarf á braut.  
([...]).
7. Föstudaginn 23. október 2020, kl. 12:05, þar sem hann fór inn í innra anddyri þar sem dvaldi í stuttan tíma áður en hann og yfirgaf það. ([...]).

Telst þetta varða við 3., 4. og 5. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 800/2020 um sóttkví og einangrun og sýnatöku við landamæri Íslands vegna COVID-19 með síðari breytingum, sbr. 13., 18. og 19. gr. sóttvarnalaga nr. 19/1997.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

*Einkaréttarkrafa:*

Vegna ákærukafla IV gerir Sigurður Rúnar Birgisson lögmaður, f.h. Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, kt. 0000000-0000, þá kröfu að ákærði verði dæmdur til að greiða Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins kr. 200.000, auk vaxta, samkvæmt 1. mgr. 8 gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 83/2001 frá 9. ágúst 2020 þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar, en síðan dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Við aðalmeðferð málsins var fallið frá einkaréttarkröfunni.

Með ákæru héraðssaksóknara dags. 9. maí 2022 var mál höfðað á hendur ákærða fyrir eftirtalin brot:

I.

Fyrir brot gegn valdstjórninni, með því að hafa föstudaginn 1. janúar 2021 í fangaklefa á lögreglustöðinni við Hverfisgötu í Reykjavík hrækt á lögreglumann nr. O með þeim afleiðingum að munnvatn hafnaði á vinstri handlegg lögreglumannsins.

([...]).

Telst þetta varða 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

## II.

Fyrir brot gegn valdstjórninni, með því að hafa á tímabilinu 16. janúar til 26. janúar 2021 sent B, kennitala 000000-0000, [...], 6 tölvupósta í vinnutengt netpóstfang hans [...] úr netpóstfanginu [...] með líflátshótunum í garð B og í sumum tilvikum einnig fjölskyldu hans. (M. [...]).

Telst þetta varða 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

## III.

Fyrir brot gegn valdstjórninni, með því að hafa sunnudaginn 17. janúar 2021 á lögreglustöðinni við Hörðuvelli á Selfossi hrækt á lögreglumenn nr. C og D með þeim afleiðingum að munnvatn hans lenti á vinstri vanga og úlpukraga lögreglumanns nr. D og vinstri handlegg og vinstri hlið lögreglumanns nr. C.

(M. [...]).

Telst þetta varða við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

## IV.

Fyrir brot gegn valdstjórninni, með því að hafa mánudaginn 7. mars 2022 í afgreiðslurými embættis ríkissaksóknara að Suðurlandsbraut 4 í Reykjavík ítrekað hótað B, kennitala 000000-0000, [...], lífláti.

(M. [...]).

Telst þetta varða 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

## V.

Fyrir brot gegn valdstjórninni, með því að hafa miðvikudaginn 16. mars 2022 á lögreglustöðinni við Hringbraut í Reykjanesbæ hrækt á lögreglumenn nr. E og F með þeim afleiðingum að munnvatn hafnaði í andlitum þeirra beggja.

(M. [...]).

Telst þetta varða 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

## VI.

Fyrir að gabba lögreglu, með því að hafa miðvikudaginn 16. mars 2022 klukkan 12:27 sent tölvupóst úr netfanginu [...] á netfang embættis lögreglustjórans á Suðurnesjum þess efnis að í húsnæði embættisins væri sprengiefni og að rýma þyrfti húsnæðið („THE BUILDING IS RIGGED WITH EXPLOSIVES PLEASE EVACUATE THE BUILDING“). (M. [...]).

Telst þetta varða við 120. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

## VII.

Fyrir að gabba lögreglu, með því að hafa miðvikudaginn 16. mars 2022 klukkan 12:36 sent tölvupóst úr netfanginu [...] á netfang embættis lögreglustjórans á Suðurnesjum þess efnis að í húsnæði embættisins væri sprengiefni og að rýma þyrfti húsnæðið („THE BUILDING IS RIGGED WITH EXPLOSIVES PLEASE EVACUATE THE BUILDING“). (M. [...]).

Telst þetta varða við 120. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

#### VIII.

Fyrir brot gegn vopnalögum, með því að hafa þriðjudaginn 18. maí 2021 haft í vörslum sínum útdraganlega kylfu sem ekki er ætluð til íþróttaiðkunar en lögreglan fann kylfuna við leit í ferðatösku ákærða á lögreglustöðinni við Hringbraut í Reykjanesbæ.

(M. [...]).

Telst þetta varða c. lið 2. mgr. 30. gr. sbr. 1. mgr. 36. gr. vopnalaga nr. 16/1998.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar. Þá er þess krafist að útdraganleg kylfa, sem getið er um í VIII. ákærulið verði gerð upptæk til ríkissjóðs, sbr. 37. gr. vopnalaga nr. 16/1998.

Með ákæru lögreglustjórans á Suðurnesjum dags. 14. apríl 2020 var höfðað mál á hendur ákærða fyrir skjalafals og umferðarlagabrot, með því að hafa fimmtudaginn 22. nóvember 2018, ekið bifreiðinni [...] um Njarðarbraut, móts við Hólagötu, í Reykjanesbæ án þess að hafa öðlast ökuréttindi og í framhaldi af afskiptum lögreglu framvísað við lögreglu í blekkingarskyni, sýndarskjali, grunnfölsuðu sýlensku alþjóðlegu ökuskírteini, nr. [...], á nafni ákærða, með gildistíma 14. ágúst 2014 - 13. ágúst 2019.

Telst þessi háttsemi ákærða varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr. 58. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, sbr. 1. mgr. 48. gr. eldri umferðarlaga nr.50/1987.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Í máli þessu féll dómur í Héraðsdómi Reykjaness 10. september 2020 (mál nr. S-1110/2020) en ákærði mætti ekki við aðalmeðferð málsins. Ákærði var sakfelldur og dæmdur í 45 daga fangelsi. Með úrskurði Endurupptökudóms 28. mars 2022 í máli nr. 41/2021 var fallist á að héraðsdómur í málinu yrði endurupptekinn.

Verjandi ákærða gerir aðallega þá kröfu að ákærði verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins og allur sakarkostnaður verði lagður á ríkissjóð þ.m.t. málsvarnarlaun verjandans samkvæmt tímaskýrslu. Til vara, komi til sakfellingar, er þess krafist að ákærða verði ekki gerð refsing en að því frágengnu er krafist vægustu refsingar sem lög frekast heimila og hún verði þá skilorðsbundin að öllu leyti.

## II

### *Geðrannsókn á ákærða*

G geð- og embættislæknir var dómkvaddur 7. apríl 2022 til að meta sakhæfi ákærða í skilningi 15. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, hvort ástand hans hafi verið þannig, þegar hann framdi brot sín á árunum 2020, 2021 og 2022, að 16. gr. hegningarlaganna hafi átt við um hann, hvort refsing geti borið árangur miðað við hagi ákærða í dag og loks ef 15. eða 16. gr. almennra hegningarlaga ætti við hvort nauðsynlegt væri vegna réttaröryggis að gerðar yrðu ráðstafanir til að varna því að háski verði af ákærða með því að hann sæti öruggri gæslu eða hvort beita skuli vægari ráðstöfunum eða vistun á hæli, sbr. 62. og 63. gr. almennra hegningarlaga. Matsgerð er dags. 22. maí 2022.

Í matsgerðinni kemur fram að ákærði hafi komið til Íslands í janúar 2017 og fengið alþjóðlega vernd í maí 2018. Á árunum 2017 til 2021 hafi lögregla haft til meðferðar 91 tilvik þar sem ákærði er grunaður um refsiverða háttsemi m.a. hótanir, líkamsárásir, húsbrot, eignaspjöll og brot gegn nálgunarbanni. Þessu til viðbótar séu á annað hundrað tilvik vegna tilkynninga um áreiti gegn einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum þar sem ákærði hafi haft í frammi ógnandi tilburði og hótanir. Áreitið hafi verið ítrekað og ofbeldisfullt.

Ákærði hefur ítrekað frá árinu 2017 leitað á heilsugæslu í misjöfnu ástandi andlega. Í sumum heimsóknum var hann reiður og ógnandi. Þá hefur ákærði einnig á sama tímabili oft farið á Landspítala m.a. á bráðamóttöku. Þar var hann einnig stundum æstur og ógnandi í hegðun. Í maí 2020 dvaldi ákærði á geðdeild í 11 daga. Þar vaknaði grunur um aðsóknarpersónuleikaröskun en ekki hafi komið fram skýr merki um geðrof. Ákærði var lagður aftur inn á geðdeild 4. júní 2020 og þá var hann með læti og sparkaði í hurð og vegg. Þá kemur fram í áliti geðdeildar að ákærði verði ekki nauðungarvistaður en það

megi vera að nauðsynlegt sé að hann komi til lengri innlagnar. Hann sé vissulega varhugaverður og hættulegur en einkenni hans samrýmist ekki erfiðum geðrofssjúkdómi eins og staðan hafi verið þá. Mögulega sé ákærði með paranoid persónuleikaröskun.

Matsmaður segir að ákærði hafi orðið ógnandi þegar spurningar hafi verið lagðar fyrir hann og hann orðið órólegur og pirraður þegar spurt hafi verið nálægt honum. Geðbrigði hafi verið sérkennileg. Hann sé áttaður á stað og stund en hugsanaferli sé skrykkjótt og ekki í eðlilegu flæði. Ákærði sagði matsmanni að ákærði hafi ekki gert neitt af sér og sé saklaus. Samtal við ákærða hafi á sér töluverðan leikrænan blæ en þrátt fyrir framandi hugmyndir eru ekki merki um formaðar ranghugmyndir. Engin merki um ofheyrnir eða ofskynjanir í viðtölum. Í einu viðtali eru geðbrigði óvenjuleg og geðslag lækkað.

Í niðurstöðu matsgerðar segir að ákærði hafi í viðtali lýst vissum geðrofseinkennum en þegar spurt hafi verið frekar um þau virðast þau ekki til staðar. Miðað við lýsingu túlka á því að ákærði noti flókin orð er ósennilegt að truflun á greind sé orsök fyrir ástandi og stöðu mannsins. Þá eru ekki merki um minnstruflanir. Gögn málsins styðji að ákærði sé með aðsóknarpersónuleikaröskun og áfallastreituröskun. Gögn um það hvort ákærði sé siðblindur liggja ekki fyrir en sá möguleiki sé til staðar. Það sé ljóst að ákærði megi vita hvað hann sé að gera en hann líti svo á að hann sé að verja sig. Það verði að telja að ákærði átti sig á þeim ásökunum sem á hann séu bornar og að þær geti haft afleiðingar ef sannar reynast.

Matsmaður segir að miðað við framlögð gögn og skoðun verði að ætla að ákærði hafi verið fær um að stjórna gjörðum sínum á verknaðarstundum. Þrátt fyrir vanlíðan ákærða, sem æskilegt sé að meðhöndla, sé ekkert sem kemur í veg fyrir að refsing beri ekki árangur. Loks tekur matsmaður fram að miðað við sögu ákærða sé líklegt að hegðun hans haldi áfram verði hann ekki stoppaður.

Matsmaður staðfesti matsgerð sína fyrir dómi. Hann tók m.a. fram að ákærði vissi í grundvallaratriðum hvað sé rétt og rangt og hvar eðlileg mörk liggja. Hegðun ákærða sé ekki ósjálfráð en hann sé með slæma tilfinningastjórnun.

### III

*Ákæra dags. 5. apríl 2022*

*Ákæruliður I.*

#### *1. Málavextir*

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu var miðvikudaginn 6. maí 2020 óskað eftir aðstoð lögreglu á skrifstofu [...] í Reykjavík vegna ógnandi hegðunar ákærða sem er þekktur hjá lögreglu. Þegar tilkynning barst var ákærði farinn af vettvangi en þar hittu lögreglumenn A. Hann kvaðst hafa verið lögmaður ákærða en væri hættur að vinna fyrir hann. Ákærði hafi komið æstur í skapi í afgreiðslu skrifstofunnar og viljað að A myndi opna mál hans aftur. Ákærði hafi kastað til hlutum á skrifstofunni, ýtt við A og tekið upp sprittbrúsa og hent í áttina að A. Þá hafi ákærði tekið upp stytta sem hafi verið um 30 sm á hæð og 815 grömm að þyngd og slegið A með henni. Hann hafi borið hendi fyrir sig og höggið hafi lent á handarbakinu. Ákærði hafi síðan grýtt styttunni í gólfið en verðmæti hennar hafi verið 50.000 krónur. Reynt var að hafa upp á ákærða en án árangurs.

Að kvöldi föstudagsins 8. maí fékk lögregla upplýsingar um að ákærði hafi farið inn á stigagang að [...] í Reykjavík. Þegar lögregla kom þangað var ákærði inn í herbergi í kjallara hússins. Hann var handtekinn og fluttur á lögreglustöð og vistaður þar vegna rannsóknar málsins.

Samkvæmt læknisvottorði dags. 1. júlí 2020 leitaði A á Heilsugæsluna í Salahverfi 12. maí sama ár vegna líkamsárásar. Hann var með mar á brjóstakassa og yfirborðsáverka á úlnlið og hendi.

Við skýrslutöku hjá lögreglu 9. maí 2020 kvaðst ákærði hafa átt mál hjá lögmanninum og viljað fá upplýsingar frá honum. Ákærði sagðist ekki hafa gert lögmanninum neitt heldur hafi hann ýtt við ákærða. Þá sé ekki rétt að ákærði hafi slegið lögmanninn með stytta og síðan brotið hana. Ákærði sagði þetta vera hryðjuverk gegn sér og hann ætlaði að kæra lögmanninn en hann væri með áverka eftir að lögmaðurinn og félagi hans hafi ráðist á ákærða með golfkylfu.

#### *2. Framburður ákærða og vitna fyrir dómi*

Ákærði neitar sök og sagði að brotþoli A hafi fyrst ráðist á ákærða og hann þá ýtt rólega við A. Ákærði hafi ekki slegið til A með styttnu. Lögreglan hafi gert máli úr þessu sem ekkert hafi verið.

Vitnið og brotþolinn, A, sagði að ákærði hafi verið umbjóðandi vitnisins á sínum tíma en vitnið hafi hætt að vinna fyrir ákærða á árinu 2019 þar sem hann hafi verið til vandræða. Ákærði hafi í umrætt sinn komið á skrifstofu vitnisins í uppnámi en hann hefði komið þangað nokkrum sinnum áður eftir að vitnið hætti að vinna fyrir ákærða þrátt fyrir að honum hafi verið bannað að koma þangað. Vitnið kvaðst hafa beðið ákærða að yfirgefa skrifstofuna en hann þá farið að hrópa og orðið sífellt æstari. Ákærði hafi síðan komið ógnandi að vitninu og ýtt á brjóstakassa þess. Hafi vitnið hörfað frá ákærða sem hafi verið með ógnandi tilburði og síðan tekið styttnu af borði og slegið henni í hendi vitnisins. Þá hafi samstarfsmaður vitnisins komið með golfkylfu og beðið ákærða mjög ákveðið að yfirgefa skrifstofuna. Myndi hann ekki gera það kvaðst samstarfsmaðurinn hafa sagt að hann myndi nota golfkylfuna á ákærða. Þá hafi ákærði kastað styttnu í gólfið, sem hafi brotnað, en síðan yfirgefið skrifstofuna. Vitnið kvaðst hafa verið óttaslegið og leitað á slysadeild vegna áverka. Vitnið sagði að ákærði hafi ýtt við vitninu eða kýlt það með báðum höndum í einu.

Vitnið, H, kvaðst hafa séð hluta af því sem fram hafi farið í umrætt sinn. Áður en þetta atvik hafi orðið hafi ákærði komið á skrifstofuna reiður og með ógnandi tilburði. Í þetta skipti kvaðst vitnið hafa heyrt læti frammi og farið þangað. Ákærði hafi þá gripið styttnu og slegið til A sem hafi sett hendur fyrir höfuð sitt til að verja sig. Vitnið hafi þá farið inn á skrifstofu sína og sótt golfkylfu sem vitnið hafi geymt þar og skipað ákærða að fara út en hann hafi þá verið búinn að henda styttnu og sprittbrúsa í gólfið.

Vitnið, I, var starfsmaður á skrifstofu A. Vitnið kvaðst hafa sótt hann samkvæmt beiðni ákærða en hann hafi ekki viljað ræða við vitnið. Vitnið kvaðst hafa séð ákærða ýta við A en vitnið hafi ekki séð meira þar sem veggur hafi skyggt á. Vitnið kvaðst hafa séð ákærða henda styttnu og sprittbrúsa.

Vitnið, J lækni, staðfesti vottorð sitt.

### 3. Niðurstaða

Ákærði neitar sök en kvaðst hafa ýtt við brotþola eftir að hann hafi ráðist á ákærða. Brotþoli lýsti því að ákærði hafi kýlt brotþola eða ýtt við honum með báðum höndum og slegið hann í hendi með styttnu. Annað vitni lýsti því að ákærði hafi slegið til brotþola með styttnu sem hafi sett hendur fyrir höfuðið til að verja sig. Þriðja vitnið kvaðst hafa séð ákærða ýta við brotþola.

Ekkert er fram komið sem styður það að brotþoli hafi ráðist á ákærða og verður því að hafna framburði hans. Brotþoli og annað vitni til viðbótar hafa lýst því að ákærði hafi slegið til brotþola með styttnu og brotþoli hefur lýst því að ákærði hafi ýtt við brotþola eða kýlt hann með báðum höndum. Þriðja vitnið hefur lýst því að ákærði hafi ýtt við brotþola. Eftir atvikið var brotþoli með áverka sem geta samrýmst þessu. Telst því hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem lýst er í ákæru þó þykir ekki sannað að hann hafi slegið brotþola hnefahögg í brjóstakassa eins og lýst er í ákæru heldur hafi ákærði ýtt við brotþola með flötum lófa eða hnefum. Ákærði hefur því gerst sekur um líkamsárás sem varðar við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og unnið sér til refsingar samkvæmt því.

## *Ákæruliður II.*

### *1. Málavextir*

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu var óskað eftir aðstoð lögreglu föstudaginn 5. júní 2020 á [...] í Reykjavík vegna ákærða en hann væri þar ógnandi í framkomu og með hótanir. Þegar lögregla kom á vettvang var ákærði farinn út úr húsinu og á leið yfir göngubrú á bifreiðastæði Kringlunnar. Ákærði var handtekinn og fluttur á lögreglustöð.

Lögregla hafði samband við tilkynnanda K og hún sagði að ákærði hafi komið inn á skrifstofuna með ógnandi tilburði og viljað hitta A fyrrverandi lögmann sinn. Ákærða hafi ítrekað verið vísað út en hann ekki orðið við því og hótað að senda mafíuna á starfsmenn skrifstofunnar. K hafi verið mikið niðri fyrir og undrandi á því að ekkert væri búið að gera í málum ákærða því hann væri augljóslega mikið veikur.

Við skýrslutöku hjá lögreglu 5. júní 2020 neitaði ákærði að hafa gerst sekur um húsbrot og hótanir á skrifstofu [...]. Hann hafi aðeins verið að hitta lögmanninn sinn sem honum hafi verið heimilt en lögmaðurinn hafi verið með mál fyrir ákærða. Hann kvaðst hafa

verið beðinn ítrekað að yfirgefa skrifstofuna og hann hafi gert það. Ákærði kvaðst ekki hafa verið með hótanir á skrifstofunni en hann hafi sagt lögmanninum að ákærði ætlaði að kæra lögmanninn.

## *2. Framburður ákærða og vitna fyrir dómi*

Ákærði kvaðst ekki muna eftir atvikum og þetta hafi ekki gerst heldur séu þetta allt lygar.

Vitnið, H, kvaðst hafa verið á vettvangi í umrætt sinn og einnig L sem hafi verið með hafnaboltakylfu á skrifstofu sinni til að nota gegn ákærða ef þess þyrfti. Ákærði hafi öskrað og neitað að yfirgefa skrifstofuna þrátt fyrir að hann hafi mörgum sinnum verið beðinn að fara. Að lokum hafi ákærði þó farið.

Vitnið, K, kvaðst hafa farið fram ásamt fleirum þegar ákærði hafi komið í umrætt sinn. Ákærði, sem hafi verið reiður og ógnandi, hafi verið beðinn að yfirgefa skrifstofuna en hann ekki gert það og vitnið því hringt á lögreglu. Fleiri en einn starfsmaður hafi beðið ákærða að yfirgefa skrifstofuna.

Vitnið, I, starfsmaður á skrifstofu A kvaðst hafa verið á staðnum í umrætt sinn. Ákærði hafi verið reiður og ógnandi en starfsmenn á skrifstofunni hafi alltaf verið óttaslegnir þegar ákærði hafi komið þangað. Líklega hafi þrír starfsmenn auk vitnisins beðið ákærða að yfirgefa skrifstofuna en hann ekki gert það fyrr en seint og um síðir.

## *3. Niðurstaða*

Ákærði neitar sök en þrjú vitni hafa lýst því að hann hafi neitað að yfirgefa skrifstofu Atlas lögmannna þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir eða skipanir þar um. Telst því sannað og hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi gerst sekur um húsbrot og þar með brotið gegn 231. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og unnið sér til refsingar samkvæmt því.

### *Ákæruliður III.*

#### *1. Málavextir*

Með ákvörðun lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu 5. júní 2020 var ákærða gert að sæta nálgunarbanni í sex mánuði gagnvart A lögmanni og var ákvörðunin birt ákærða

sama dag. Með nálgunarbaninu var lagt bann við því að ákærði kæmi í námunda við heimili og vinnustað A á svæði sem afmarkaðist við 50 metra radíus umhverfis heimilið og vinnustað hans. Þá var ákærða bannað að veita A eftirför, nálgast hann á almannafæri eða setja sig í samband við hann með öðrum hætti.

Samkvæmt kæru A til lögreglu hafði ákærði ítrekað samband við A þrátt fyrir nálgunarbannið m.a. með hringingum, símaskilaboðum og tölvupóstum. Fyrst hafi það verið 11. til 25. júní 2020 með ítrekuðum skilaboðum og hótunum úr símanúmerinu [...] og með hringingum í farsímanúmer A úr símanúmerunum [...] og [...]. Eftir 25. júní hafi orðið hlé á ónæði af völdum ákærða en í október 2020 hafi hann aftur byrjað að áreita A og þá einnig með tölvupóstum.

Meðal rannsóknargagna málsins er fjöldi skilaboða sem ákærði sendi A frá 11. til 18. júní 2020 og þá má sjá á skjáskotum úr síma hans að ákærði hafi ítrekað hringt í A frá 11. til 24. júní 2020 en á þeim tíma sætti ákærði nálgunarbanni gagnvart A. Við skýrslutöku af ákærða 26. júní 2020 var símtalaskrá í farsíma ákærða skoðuð og þá sást að hann hafði ítrekað hringt í A.

Við skýrslutöku hjá lögreglu 26. júní 2020 kvaðst ákærði ekki muna eftir því að honum hafi verið birt ákvörðun um nálgunarbann en það gæti verið að hann hafi skrifað undir móttöku á ákvörðuninni. Hann hafi því ekki vitað að hann sætti nálgunarbanni. Ákærði kannaðist við að vera með símanúmerin [...] og [...]. Hann viðurkenndi að hafa hringt í A en mundi ekki hvenær eða hvort það hafi verið eftir 5. júní 2020. Ákærði hafi hringt í A vegna þess að hann hafi verið með mál fyrir ákærða en hafi ekki verið að sinna því. Ákærði mundi ekki hvort hann hefði sent A smá skilaboð

## *2. Framburður ákærða og vitna fyrir dómi*

Ákærði neitar sök og hann kannaðist ekki við símanúmerin [...] og [...] en hann segi alls kyns hluti þegar hann sé þreyttur.

Vitnið og brotapolinn, A, kvaðst hafa farið fram á að ákærði sætti nálgunarbanni gagnvart vitninu. Eftir að ákærða hafi verið gert að sæta nálgunarbanni gagnvart vitninu hafi það svarað nokkrum símtölum frá ákærða en vitnið hafi þekkt símanúmer hans. Þá hafi vitnið

einnig fengið skilaboð frá símanúmeri ákærða en efni þeirra hafi bent til þess að þau væru frá ákærða. Vitnið sagði að eftir að nálgunarbannið hafi runnið sitt skeið hafi ákærði ítrekað hringt í vitnið.

### *3. Niðurstaða*

Samkvæmt rannsóknargögnum málsins sætti ákærði nálgunarbanni gagnvart brotþola á því tímabili sem tilgreint er í ákæruliðum III.1. og III.2. Á því tímabili liggur fyrir að ákærði hafi ítrekað sent brotþola skilaboð og hringt í hann þrátt fyrir nálgunarbannið. Þetta staðfesti brotþoli fyrir dómi. Telst því hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi brotið gegn nálgunarbanni eins og lýst er í þessum ákærulið og þar með braut hann gegn 1. mgr. 232. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og hefur unnið sér til refsingar samkvæmt því.

### *Ákæruliður IV.*

#### *1. Málavextir*

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu var tilkynnt þriðjudaginn 4. ágúst 2020 um að ákærði hefði gengið berserksgang í húsnæði Heilsugæslunnar Hlíðum og m.a. brotið rúðu. Á vettvangi tók læknir ákærða á móti lögreglumönnum og tjáði þeim að það hefði gengið á ýmsu í samskiptum læknisins og ákærða. Í umrætt sinn hafi læknirinn tekið á móti ákærða á skrifstofu á 2. hæð hússins. Fljótlega hafi hann orðið spenntur og verið með háreysti og dónaskap. Hann hafi m.a. barið í borð af miklu afli og þá verið beðinn að yfirgefa herbergið og tjáð að hann yrði að ræða við lækinn síðar þegar hann væri í betra jafnvægi. Ákærði hafi þá hent blóðþrýstingsmæli í gólfið, rokið út og niður á neðri hæð hússins. Þar hafi hann sparkað í hurð og gler í henni brotnað. Ákærði hafi síðan farið út úr húsinu. Ákærði var handtekinn skammt frá vettvangi og fluttur á lögreglustöð.

Við skýrslutöku hjá lögreglu 4. ágúst 2020 viðurkenndi ákærði að hann hafi brotið rúðuna en það hafi ekki verið viljandi. Hann hafi ætlað að opna hurðina með fætinum.

#### *2. Framburður ákærða og vitna fyrir dómi*

Ákærði kvaðst hafa opnað hurðina og þá hafi rúðan brotnað. Hann kvaðst ekkert hafa gert og ekki brotið rúðuna viljandi.

Vitnið, M, sagði að ákærði hafi mætt til vitnisins í bókaðan tíma og túlkur verið með honum. Þau hafi verið á skrifstofu á 2. hæð hússins og ákærði hafi verið þokkalegur í byrjun tímans en síðan hafi hann orðið reiður og hækkað róminn. Hann hafi síðan rífið bréf, sem vitnið hafi látið hann hafa, barið í borð og slegið blóðþrýstingsmæli af því. Vitnið hafi þá sagt ákærða að viðtalinu væri lokið og hann myndi fá nýjan tíma. Túlkurinn hafi sagt að ákærði hafi sagt ljóta hluti án þess að segja nákvæmlega hvað það hafi verið. Á leiðinni út sé millihurð og ákærði hafi sparkað í rúðu í hurðinni og brotið hana. Vitnið kvaðst ekki hafa séð það en það hafi enginn annar en ákærði getað sparkað í rúðuna og vitnið hafi heyrt brothljóð þegar rúðan hafi brotnað. Ákærði hafi misst skó af fæti við sparkið.

### *3. Niðurstaða*

Ákærði hefur viðurkennt að rúðan hafi brotnað þegar hann opnaði hurðina en hann hafi hins vegar ekki brotið rúðuna viljandi. Það liggur fyrir að rúðan brotnaði þegar ákærði gekk um hurðina og vitni heyrði brothljóð. Það eru yfirgnæfandi líkur á því að ákærði hafi sparkað í rúðuna og brotið hana enda ekkert fram komið sem bendir til þess að rúðan hafi brotnað af annarri ástæðu. Þykir því hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi brotið rúðuna og þar með gerst sekur um eignaspjöll sem varða við 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og unnið sér til refsingar samkvæmt því.

Við aðalmeðferð málsins var fallið frá einkaréttarkröfu samkvæmt þessum ákærulið.

*Ákæruliður V.1. til V.7.*

### *1. Málavextir*

Samkvæmt bréfi sóttvarnarlæknis dags. 8. febrúar 2022 skyldi ákærði vera í sóttkví frá 10. til 24. október 2020.

Samkvæmt bókun landamæragæslunnar á Keflavíkurflugvelli kom ákærði til Íslands 10. október 2020. Þá var rætt við hann og honum kynntar reglur varðandi sóttkví. Í viðræðum við hann vaknaði grunur um að hann ætlaði ekki að fylgja þeim reglum.

*Ákæruliður V.1.*

Í skýrslu lögreglu segir að ákærði hafi komið í afgreiðslu lögreglustöðvarinnar við Hverfisgötu 113 í Reykjavík fimmtudaginn 15. október 2020 kl. 10:06. Það hafi verið staðfest með skoðun á upptöku úr öryggismyndavél.

Við skýrslutöku hjá lögreglu 30. október 2020 kvaðst ákærði ekki muna eftir því að hafa komið á lögreglustöðina í umrætt sinn. Hann kvaðst hafa lokið sóttkví fyrir sex dögum. Hann kvaðst hafa farið í próf á flugvellinum en ekki fengið út úr því.

*Ákæruliður V.2.*

Í skýrslu lögreglu segir að ákærði hafi komið í anddyri lögreglustöðvarinnar við Hverfisgötu 113 í Reykjavík miðvikudaginn 21. október 2020 kl. 12:40 og rætt þar við starfsmann en yfirgefið staðinn kl. 12:43. Þetta hafi verið staðfest með skoðun á upptöku úr öryggismyndavél.

Við skýrslutöku hjá lögreglu 30. október 2020 sagði ákærði að lögreglan væri lygarar og hann ætlaði ekki að tala um sig.

*Ákæruliður V.3.*

Í skýrslu lögreglu segir að ákærði hafi komið í anddyri lögreglustöðvarinnar við Hverfisgötu 113 í Reykjavík miðvikudaginn 21. október 2020 kl. 14:06 og rætt þar við starfsmann í afgreiðslu. Þetta hafi verið staðfest með skoðun á upptöku úr öryggismyndavél.

Við skýrslutöku hjá lögreglu 30. október 2020 neitaði ákærði að tjá sig og sagði að sá sem tók skýrsluna mætti skrifa það sem hann vildi.

*Ákæruliður V.4.*

Í skýrslu lögreglu segir að ákærði hafi komið í anddyri lögreglustöðvarinnar við Hverfisgötu 113 í Reykjavík miðvikudaginn 21. október 2020 kl. 14:36 og veifaði til starfsmanns í afgreiðslu. Staðið þar í skamma stund en farið síðan út aftur. Þetta hafi verið staðfest með skoðun á upptöku úr öryggismyndavél.

Við skýrslutöku hjá lögreglu 30. október 2020 kvaðst ákærði ekki ætla að svara frekari spurningum en hann væri veikur og þetta væri allt lygi.

*Ákæruliður V.5.*

Í skýrslu lögreglu segir að ákærði hafi komið í anddyri lögreglustöðvarinnar við Hverfisgötu 113 í Reykjavík fimmtudaginn 22. október 2020 kl. 10:37 og rætt þar við starfsmann en farið út kl. 10:49. Þetta hafi verið staðfest með skoðun á upptöku úr öryggismyndavél.

Við skýrslutöku hjá lögreglu 30. október 2020 neitaði ákærði að tjá sig og sagði að þetta væri allt lygi.

*Ákæruliður V.6.*

Í skýrslu lögreglu segir að ákærði hafi komið að anddyri lögreglustöðvarinnar við Hverfisgötu 113 í Reykjavík fimmtudaginn 22. október 2020 kl. 14:13 og opnað þar hurð en hætt við að fara inn. Skömmu seinna sást ákærði horfa inn í anddyrið í gegnum glugga. Þetta hafi verið staðfest með skoðun á upptöku úr öryggismyndavél.

Við skýrslutöku hjá lögreglu 30. október 2020 neitaði ákærði að tjá sig og vildi ekki sjá upptöku úr öryggismyndavél.

*Ákæruliður V.7.*

Í skýrslu lögreglu segir að ákærði hafi komið í anddyri lögreglustöðvarinnar við Hverfisgötu 113 í Reykjavík föstudaginn 23. október 2020 kl. 12:05 og stoppað þar í skamma stund en síðan farið aftur. Þetta hafi verið staðfest með skoðun á upptöku úr öryggismyndavél.

Við skýrslutöku hjá lögreglu 30. október 2020 neitaði ákærði að tjá sig og kvaðst ekki vita hvort hann hafi komið á lögreglustöðina í umrætt sinn. Hann vildi ekki sjá upptöku af atvikinu.

## *2. Framburður ákærða og vitna fyrir dómi*

Á þessum tíma kvaðst ákærði hafa búið á gistiheimili og vitað að hann hafi átt að vera í sóttkví. Hann hafi spurt á gistiheimilinu hvar hann ætti að vera í sóttkví en ekki fengið svar við því heldur verið sagt að fara á lögreglustöð og spyrjast fyrir um það. Hann hafi því farið þangað. Ákærði sagði að á tímabilinu kl. 12:40 til 14:36 miðvikudaginn 21. október 2020 hafi hann verið fyrir utan lögreglustöðina, sbr. ákæruliði V.2., V.3. og V.4.

Vitnið, lögreglumaður nr. N, kvaðst hafa þekkt ákærða í sjón og tekið af honum skýrslu vegna málsins. Vitnið hafi séð upptökur af því þegar ákærði hafi komið á lögreglustöðina og þekkt hann á upptökunum. Vitnið sagði að öllum sem hafi komið til landsins á umræddum tíma hafi verið kynntar reglur um sóttkví og starfsmaður á Keflavíkurflugvelli hafi staðfest að ákærða hafi verið kynntar reglurnar við komu hingað til lands.

## *3. Niðurstaða*

Ákærði hefur viðurkennt að hafa komið á lögreglustöð í umrædd skipti. Hann kvaðst hafa gert það til að spyrjast fyrir um það hvar hann ætti að vera í sóttkví en hann hafi vitað að hann ætti að vera það. Það hefur verið staðfest á upptökum úr öryggismyndavél að ákærði kom á lögreglustöð í þau skipti sem tilgreind eru í þessum ákærulið. Rétt þykir að líta svo á að tilvikin sem tilgreind eru í ákæruliðum V.2., V.3. og V.4. og áttu sér stað 21. október 2020 hafi verið eitt og sama tilvikið. Með þessari athugasemd þykir hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í þessum ákærulið og er rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru. Ákærði hefur unnið sér til refsingar í samræmi við það.

## ***Ákæra dags. 9. maí 2022***

### *Ákæruliður I.*

#### *1. Málavextir*

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu voru lögreglumenn föstudaginn 1. janúar 2021 að færa ákærða í fangaklefa á lögreglustöðinni við Hverfisgötu en hann hafði verið handtekinn skömmu áður. Ákærði var æstur, öskraði sífellt á lögreglumennina og hafði í hótunum við þá. Þegar lögreglumaður sleppti tókum á ákærða í fangaklefanum og fór út úr klefanum sneri ákærði sér að honum og hrækti á hann þegar verið var að loka

fangaklefanum. Hrákinn lenti að stærstum hluta á gólfinu en einnig á handlegg lögreglumannsins.

Við skýrslutöku hjá lögreglu sama dag svaraði ákærði með nei þegar hann var spurður út í sakargiftir. Við skýrslutöku hjá héraðssaksóknara 6. apríl 2022 neitaði ákærði sök og sagði það vera lygi að hann hafi hrækt á lögreglumann.

## *2. Framburður ákærða og vitna fyrir dómi*

Ákærði neitar sök.

Vitnið, lögreglumaður nr. O, kvaðst hafa verið ásamt fleirum að færa ákærða í fangaklefa og hann hafi verið með hótanir í fangamóttökunni. Ákærði hafi síðan verið settur inn í fangaklefa og verið lagður þar á grúfu. Vitnið hafi verið síðast út úr klefanum og ákærði þá snúið sér við og hrækt á vitnið.

Vitnið, lögreglumaður nr. P, sagði að ákærði hafi veitt mótspyrnu og verið með hótanir þegar færa hafi átt hann í fangaklefa. Þegar lögreglumaður nr. O hafi sleppt takinu af ákærða hafi hann staðið upp og hrækt á lögreglumann nr. O þegar hann hafi ætlað að loka fangaklefanum. Vitnið kvaðst hafa séð hráka á hendi lögreglumanns nr. O.

Vitnið, R fangavörður, kvaðst hafa verið ásamt lögreglumönnum að færa ákærða í fangaklefa. Vitnið hafi verið fyrst út úr klefanum og þá hafa séð ákærða hrækja á lögreglumann en ákærði sé þekktur fyrir að gera slíkt. Hrákinn hafi lent á fötum lögreglumannsins.

## *3. Niðurstaða*

Ákærði neitar sök en þrjú vitni hafa lýst því að ákærði hafi hrækt á lögreglumann eins og lýst er í ákæru. Telst því hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í þessum ákærulið og þar með brotið gegn 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og unnið sér til refsingar samkvæmt því.

## *Ákæruliður II.*

### *1. Málavextir*

Samkvæmt kærðu B [...] dags. 9. febrúar 2021 hafði honum frá 13. janúar sama ár borist tölvupóstur með ítrekuðum og vaxandi hótunum frá ákærða. Hótanirnar hafi beinst gegn kæranda og fjölskyldu hans og m.a. verið um að ræða líflátshótanir. Óttaðist kærandi m.a. að ákærði myndi birtast á heimili kæranda og hafi hann gert sambýliskonu sinni og börnum grein fyrir málinu. Hótanirnar hafi valdið kæranda og fjölskyldu hans miklum áhyggjum því ekki hafi annað verið hægt fyrir þau en að taka þær alvarlega. Nefna megji þessi skilaboð: „This is our last message ... Remember if Kourani dies ... you and your family will die ... clans.“ Sambærileg skilaboð voru fleiri en eitt. Þá voru þessi skilaboð: „I will take my right to you and your family.“ Loks má nefna þessi skilaboð: „Even you go out now and withdraw the papers from me, you and your family will die.“ Um fleiri sambærileg skilaboð var að ræða. Kærandi taldi að ástæða hótananna væri sú að hann hafi í nafni embættis síns staðfest niðurfellingu lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu í máli þar sem ákærði var kærandi.

Við skýrslutöku hjá héraðssaksóknara 6. apríl 2022 neitaði ákærði sakargiftum og kvaðst ekki hafa sent kæranda tölvupósta en það væri einhver að „hakka“ í símanum hans og senda eins og ákærði væri að senda. Hann sagðist ekki vera með netföngin [...] eða [...] og hann kvaðst ekki þekkja kæranda.

### *2. Framburður ákærða og vitna fyrir dómi*

Ákærði neitar sök.

Vitnið og brotaþolinn, B, sagði að ákærði hafi kært hælisleitanda til lögreglu sem hafi fellt málið niður og vitnið staðfest þá ákvörðun í nafni embættis síns. Önnur afskipti hafi vitnið ekki haft af málum ákærða. Vitnið sagðist hafa fengið tölvupósta frá fleiri en einu netfangi og efni þeirra hafi bent til að þeir væru frá ákærða. Vitnið sagði engan vafa leika á því að umræddir tölvupóstur, sem hafi innihaldið hótanir, hafi stafað frá ákærða. Vitnið sagði að ákærða væri ekki treystandi og því hafi verið tilefni til þess að taka hótanir hans alvarlega. Vitnið hafi því þurft að bregðast við hótunum ákærða með því að setja upp myndavélakerfi við heimili sitt m.a. til að vernda börn vitnisins.

### 3. Niðurstaða

Ákærði neitar sök en samkvæmt rannsóknargögnum liggur fyrir að hann notaði netfangið [...] og það er ekkert sem bendir til annars en hann hafi sent þá tölvupósta sem tilgreindir eru í þessum ákærulið með líflátshótunum í garð brotþola og fjölskyldu hans. Brotþoli sagði engan vafa leika á því að umræddir tölvupóstar stöfuðu frá ákærða með hliðsjón af innihaldi þeirra. Með vísan til þessa telst hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem lýst er í þessum ákærulið og þar með brotið gegn 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga og unnið sér til refsingar samkvæmt því.

### Ákæruliður III.

#### 1. Málavextir

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu var verið að færa ákærða í fangaklefa á lögreglustöðinni á Selfossi sunnudaginn 17. janúar 2021. Hafði hann verið handtekinn skömmu áður þar sem hann var búinn að hringja mjög oft að tilefnislausu í Neyðarlínuna. Ákærði var með hrákagrímu og þegar tveir lögreglumenn voru að yfirgefa fangaklefann eftir að hafa fjarlæggt grímuna af ákærða hrækti hann á þá. Hrákinn lenti á vinstri handlegg og vinstri hlið annars lögreglumannsins þ.e. á varnarvesti, kylfu og talstöð en á andliti og hálsmáli á úlpu hins lögreglumannsins.

Við skýrslutöku hjá héraðssaksóknara 6. apríl 2022 neitaði ákærði sakargiftum og sagði það ekki rétt að hann hafi hrækt á lögreglumenn. Síðar í skýrslutökunni kvaðst hann ekki muna eftir atvikum og að lögreglan væri að ljúga eins og hún gerði alltaf.

#### 2. Framburður ákærða og vitna fyrir dómi

Ákærði neitar sök og sagði að lögreglan hafi ráðist á hann og meitt hann.

Vitnið, lögreglumaður nr. C, sagði að það hafi verið óskað eftir því að ákærði yrði handtekinn því hann hafi verið búinn að hringja fleiri en 100 símtöl í Neyðarlínuna að tilefnislausu. Hann hafi verið handtekinn og færður í fangaklefa. Þar hafi handjárn verið tekin af honum og lögreglumaður nr. D hafi verið síðastur út úr klefanum. Ákærði hafi þá sprottið á fætur og hrækt á lögreglumann nr. D og vitnið. Mikill hráki hafi verið í skeggi lögreglumanns nr. D og á fleiri stöðum og einnig hafi verið hráki á vitninu.

Vitnið, lögreglumaður nr. D, sagði að ákærði hafi verið handtekinn vegna brota á fjarskiptalögum. Hann hafi verið handjárnaður, sett á hann hrákagríma og fluttur á lögreglustöð. Þegar ákærði hafi verið kominn í fangaklefa hafa vitnið verið síðast út úr klefanum en þá hafi ákærði hrækt á vinstri vanga vitnisins og dropaslettur einnig lent annars staðar á vitninu.

Vitnið, lögreglumaður nr. S, sagði að þegar ákærði hafi verið færður í fangaklefa hafi hann hrækt en vitnið hafi ekki séð hann gera það. Hrákinn hafi lent á vinstri vanga og öxl lögreglumanns nr. D og á vinstri handlegg, vesti og kylfu lögreglumanns nr. C.

### *3. Niðurstaða*

Ákærði neitar sök en tvö vitni hafa lýst því að ákærði hafi hrækt á þau. Þriðji vitnið kvaðst ekki hafa séð ákærða hrækja en séð hráka á vitnunum sem ákærði hafi hrækt á. Telst því hafið yfir skynsamlegan vafa og þar með sannað að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem lýst er í þessum ákærulið og þar með brotið gegn 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og unnið sér til refsingar samkvæmt því.

### *Ákæruliður IV.*

#### *1. Málavextir*

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu bárust þrjú neyðarboð frá afgreiðslu ríkissaksóknara mánudaginn 7. mars 2022 og lögreglan fór með forgangi á vettvang. Er lögregla hafi komið þangað hafi heyrst óp og köll frá stigahúsi en lögreglumenn hafi farið með lyftu upp á 6. hæð þar sem skrifstofur ríkissaksóknara eru. Þegar þangað kom hafi ákærði verið fyrir framan lyftuna sem og tveir öryggisverðir frá Securitas sem hafi einnig verið að sinna neyðarboðinu. Fyrr um daginn hafði einnig verið tilkynnt um háreysti af völdum ákærða á sama stað. Þegar lögreglan hafi komið á vettvang hafi hann verið æstur og talað ruglingslega og samhengislaust. B sagði að ákærði hafi verið með líflátshótanir í garð B en ákærði hafi komið ítrekað á skrifstofu ríkissaksóknara til að reyna að ná tali af vararíkissaksóknara. Þegar ákærði hafi komið í seinna skiptið 7. mars 2022 og séð Helga Magnús hafi ákærði m.a. sagt: „I will kill you.“

Við skýrslutöku hjá héraðssaksóknara 6. apríl 2022 neitaði ákærði sakargiftum og kvaðst ekki hafa hótað B. Hann viti ekki hvað hann hafi sagt í umrætt sinn og honum hafi ekki liðið vel.

## *2. Framburður ákærða og vitna fyrir dómi*

Ákærði neitar sök en viðurkenndi að hafa farið á skrifstofu [...] umrætt sinn en mundi ekki hvert tilefnið hafi verið. Hann hafi verið búinn að neyta áfengis og hann muni ekki hvað hann sagði. Ákærði kvaðst ekki hafa hótað B.

Vitnið og brotapolinn, B, kvaðst hafa heyrt hróp og köll í afgreiðslunni. Vitnið hafi farið þangað og ákærði sagti þegar hann hafi séð vitnið: „I will kill you.“ Erindi ákærða á skrifstofuna hafi virst vera að hóta vitninu og hringt hafi verið á lögreglu. Vitnið kvaðst hafa þekkt ákærða m.a. eftir að hafa séð mynd af honum hjá lögreglu.

Vitnið, T starfsmaður [...], kvaðst hafa tekið á móti ákærða sem hafi spurt eftir B. Erindið hafi verið vegna máls sem hafi verið löngu afgreitt. Ákærði hafi tryllst og m.a. sagt mjög skýrt á ensku að hann gæti drepið B. Hringt hafi verið á Neyðarlínuna.

Vitnið, T starfsmaður [...], kvaðst hafa heyrt vitnið T vera að ræða við ákærða sem hafi verið hávær. Hann hafi verið ógnandi í orðum og öskrað. Hann hafi m.a. sagt á ensku að hann ætlaði að drepa B. Ýtt hafi verið á neyðarhnapp til að kalla á lögreglu.

Vitnið Ú starfsmaður [...], kvaðst hafa komið út af kaffistofu og þá hafi ákærði verið að tala við vitnið T. Hann hafi hækkað róminn og m.a. sagt á ensku að hann ætlaði að drepa B. Vitnið kvaðst hafa heyrt orðaskil greinilega.

Vitnið, V starfsmaður [...], kvaðst hafa verið með heyrnartól á skrifstofu sinni og því ekki heyrt það sem fram fór frá upphafi. Vitnið hafi síðan heyrt mikil læti og öskur. Ákærði hafi ítrekað sagt á ensku að hann ætlaði að drepa einhvern en vitnið vissi ekki hvern. Vitninu hafi síðan verið sagt að hótunin hafi beinst að B.

## *3. Niðurstaða*

Ákærði neitar sök en viðurkenndi að hafa farið á skrifstofu [...] í umrætt sinn. Brotapoli og þrjú önnur vitni hafi lýst því að ákærði hafi hótað að drepa brotapola. Eitt vitni til

viðbótar kvaðst hafa heyrt ákærða segjast ætla að drepa einhvern og vitninu hafi verið sagt að það hafi verið brotþoli. Með vísan til þessa telst hafið yfir skynsamlegan vafa og þar með sannað að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem lýst er í þessum ákærulið og þar með brotið gegn 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og unnið sér til refsingar samkvæmt því.

*Ákæruliður V.*

#### *1. Málavextir*

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu var ákærði handtekinn miðvikudaginn 16. mars 2022 í Reykjanesbæ í kjölfar þess að hann var grunaður um að hafa sent tvær sprengjuhótanir með tölvupóstum. Þegar verið var að færa ákærða í fangaklefa hrækti hann og munnvatnsdropar lentu í andlitum tveggja lögreglumanna.

Við skýrslutöku hjá héraðssaksóknara 6. apríl 2022 kvaðst ákærði hafa hrækt ósjálfrátt þegar lögreglumenn hafi ýtt honum upp að vegg. Hrákinn hafi farið á gólfíð en ekki á lögreglumennina. Þegar honum var kynnt að hrákinn hafi lent á lögreglumönnunum kvaðst hann biðjast afsökunar.

#### *2. Framburður ákærða og vitna fyrir dómi*

Ákærði neitar sök.

Vitnið, lögreglumaður nr. E, sagði að ákærði hafi verið handtekinn og að lokinni öryggisleit í fangaklefa hafi hann staðið upp og hrækt á lögreglumann nr. F og munnvatnsdropar hafi einnig lent á andliti vitnisins. Vitnið kvaðst ekki hafa séð hvar hrákinn hafi lent á lögreglumanni nr. F.

Vitnið, lögreglumaður nr. F, sagði að ákærði hafi verið færður í fangaklefa eftir handtöku. Eftir öryggisleit í fangaklefa hafi hann sest á bekk en staðið snögglega á fætur og hrækt. Hrákinn hafi lent á kinn, eyra og hálsi vitnisins en hráki hafi einnig lent á lögreglumanni nr. E.

### 3. Niðurstaða

Ákærði neitar sök en tvö vitni hafa lýst því að ákærði hafi hrækt á þau bæði. Með vísan til þessa telst hafið yfir skynsamlegan vafa og þar með sannað að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í þessum ákærulið og þar með brotið gegn 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga og unnið sér til refsingar samkvæmt því.

#### Ákæruliður VI og VII.

##### 1. Málavextir

Samkvæmt skýrslu lögreglu bárust þjónustuveri lögreglustjórans á Suðurnesjum tvær óljósar sprengjuhótanir í tveimur tölvupóstum með skömmu millibili miðvikudaginn 16. mars 2022. Frá netfanginu [...] barst „THE BUILDIND IS RIGGED WITH EXPLOSIVES PLEASE EVACUATE THE BUILDIND.“ Fyrrgreint netfang hafði áður verið notað við sambærilega hótun sem beindist að Alþingi. Frá netfanginu [...] barst sami texti. Strax vaknaði grunur um að tölvupóstarnir væru frá ákærða en hann er grunaður um að hafa sent fjölmarga slíka tölvupósta til ýmissa ríkisstofnana t.d. ríkissaksóknara. Ákærði var handtekinn skömmu eftir að tölvupóstarnir bárust.

Samkvæmt rannsókn lögreglu keypti ákærði aðgang og notaði tölvu á netkaffihúsi bókasafns Reykjanesbæjar miðvikudaginn 22. mars 2022 og kl. 12:18 var hann skráður inn á netfangið [...]. Í kjölfarið á því fór hann á heimasíðu ríkissaksóknara og leitaði að lögreglunni í Keflavík á kortagrunninum wego.here.com og svo virtist hann senda tvo tölvupósta með engu efni (no subject) úr tölvupóstfanginu [...].

Ákærði skráði sig síðan kl. 12:34 inn á tölvupóstfangið [...] og kl. 12:36 fór hann á heimasíðu lögreglunnar á Suðurnesjum og sendi í kjölfarið tölvupóst með engu efni (no subject) út tölvupóstfanginu [...].

Við skýrslutöku hjá lögreglu sama dag kvaðst ákærði ekki kannast við fyrrgreind netföng og lögreglan væri að ljúga upp á hann. Hann kvaðst ekki hafa sent fyrrgreinda tölvupósta.

## 2. Framburður ákærða og vitna fyrir dómi

Ákærði neitar sök og kvaðst ekki hafa sent umrædda tölvupósta. Hann kvaðst ekki þekkja netföngin sem tölvupóstarnir hafi verið sendir frá og þá skrifi hann ekki ensku. Ákærði kvaðst ekki hafa verið á bókasafninu í umrætt sinn en hann hafi áður farið þangað til að fá sér kaffi og lesa.

Vitnið, lögreglumaður nr. X, sagði að tilkynningar hafi borist á almennt netfang í þjónustuveri lögreglunnar á Suðurnesjum en þetta netfang sé aðeins skoðað á almennum skrifstofutíma. Vitnið sagði að það bærust oft sprengjuhótanir tengdar Keflavíkurflugvelli og þær væru flokkaðar samkvæmt matskerfi í óljósar sprengjuhótanir eða greinargóðar hótanir. Viðbrögð við slíkum hótunum væru í samræmi við flokkunina en þær væru alltaf teknar alvarlega en í umrætt sinn hafi byggingin ekki verið rýmd. Böndin hafi strax beinst að ákærða m.a. vegna netfanganna sem notuð hafi verið. Ákærði sé þekktur hjá lögreglu og í kerfum lögreglu sé lögreglumönnum bent á að vara sig á honum. Ákærða hafi m.a. verði vísað út úr afgreiðslunni á lögreglustöðinni og vitað sé að hann hafi m.a. sent sprengjuhótun á Alþingi.

Vitnið, lögreglumaður nr. Y, kvaðst hafa rannsakað umrætt mál en vitnið hafi verið við rannsókn á stafrænum gögnum í sex ár og lagt stund á nám í tölvurannsóknum. Reynt hafi verið að sækja ítagögn um umrædda tölvupósta en það hafi ekki verið hægt en þeir hafi verið raktir til bókasafnsins og vafrásaga talva þar verið afrituð. Aðgangur hafi verði notaður til að fara inn á umrædd netföng og senda óskilgreinda tölvupósta. Vitnið mundi ekki hvort það hafi sést hvert tölvupóstarnir hafi verið sendir. Vitnið sagði að hver sem er geti stofnað gmail og það taki skamma stund.

Vitnið, Ý starfsmaður á bókasafni [...], kvaðst hafa þekkt ákærða í sjón þar sem hann hafi komið nokkrum sinnum á bókasafnið. Hann hafi komið þangað í umrætt sinn og verið þar í 20-30 mínútur. Hann hafi farið í tölvu sem sé ætluð almenningi og vitnið hafi séð hann við tölvuna. Vitnið kvaðst ekki hafa afgreitt ákærða í umrætt sinn en þegar einstaklingur vilji fara í tölvu fá viðkomandi miða í afgreiðslu.

Vitnið, Þ starfsmaður á bókasafni [...], sagði að ákærði hafi verið á bókasafninu í umrætt sinn. Vitnið kannist við ákærða sem hafi komið oft á bókasafnið til að nota tölvu. Sá sem

vilji nota tölvu á bókasafninu fái miða við komu til að skrá sig inn í tölvuna og greiði eftir notkun. Vitnið kvaðst hafa tekið við greiðslu frá ákærða í umrætt sinn og séð í kassakerfinu hvenær vitnið hafi látið peninginn frá ákærða í kassann. Vitnið kvaðst ekki hafa séð ákærða nota tölvu.

### *3. Niðurstaða*

Ákærði neitar sök en samkvæmt rannsóknargögnum keypti hann sér netaðgang á bókasafni [...] í hádeginu miðvikudaginn 16. mars 2022. Kl. 12:18 var hann skráður inn á netfangið [...]. Í kjölfarið á því fór hann á heimasíðu ríkissaksóknara og leitaði að lögreglunni í Keflavík á kortagrunninum wego.here.com og svo virtist hann senda tvo tölvupósta með engu efni (no subject) úr tölvupóstfanginu [...]. Kl. 12:34 skráði ákærði sig síðan inn á inn á tölvupóstfangið [...] og kl. 12:36 fór hann á heimasíðu lögreglunnar á Suðurnesjum og sendi í kjölfarið tölvupóst með engu efni (no subject) út tölvupóstfanginu [...]. Tvö vitni sem voru starfsmenn á bókasafninu hafa staðfest að ákærði var þar á umræddum tíma og því er framburður hans að engu hafandi. Ekkert er fram komið í málinu sem bendir til þess að annar en ákærði hafi sent umrædda tölvupósta eftir að hafa leitað að lögreglunni í Keflavík á kortagrunni og farið á heimasíðu ríkissaksóknara en á undanförunum misserum hefur hann valdið miklu ónæði hjá því embætti. Telst því hafið yfir skynsamlegan vafa og þar með sannað að ákærði hafi sent þá tölvupósta sem tilgreindir eru í VI. og VII. ákærulið og þar með brotið gegn 120. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og unnið sér til refsingar samkvæmt því.

### *Ákæruliður VIII.*

#### *1. Málavextir*

Samkvæmt skýrslu lögreglu var ákærði handtekinn þriðjudaginn 18. maí 2021 og var hann þá með ferðatösku sem lögregla leitaði í. Við leitina fannst útdraganleg kylfa sem var haldlögð.

Við skýrslutöku hjá lögreglu 17. mars 2022 sagði ákærði að þetta væri plastkylfa sem hann hafi verið að leika sér með. Hann mundi ekki hvort hann ætti kylfuna en lögregla mætti alveg eyða henni.

## *2. Framburður ákærða og vitna fyrir dómi*

Ákærði kvaðst ekki hafa vitað af kylfunni fyrir en lögreglan hafi fundið hana.

Vitnið, lögreglumaður nr. Æ, sagði að kylfan hafi fundist í tösku ákærða. Hún hafi verið útdraganleg og ekki ólík lögreglukylfu.

## *3. Niðurstaða*

Samkvæmt rannsóknargögnum málsins fannst kylfan við leit á lögreglustöðinni við Hverfisgötu í Reykjavík en ekki á lögreglustöðinni við Hringbraut í Reykjanesbæ eins og segir í ákæru. Þetta kemur þó ekki í veg fyrir að dómur verði lagður á þennan ákærulið, sbr. 1. mgr. 180. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Samkvæmt rannsóknargögnum málsins var haldlögð kylfa hjá ákærða og lögreglumaður hefur staðfest að hún hafi fundist í tösku ákærða. Samkvæmt þessu telst hafið yfir skynsamlegan vafa og þar með sannað að ákærði hafi verið með kylfuna í sínum vörslum og þar með brotið gegn c. lið 2. mgr. 30. gr. vopnalaga nr. 16/1998 og unnið sér til refsingar samkvæmt því.

## *Ákæra dags. 14. apríl 2022*

Eins og fram er komið gekk héraðsdómur í þessu máli 10. september 2020 en ákærði hafði ekki mætt við aðalmeðferð málsins. Þrátt fyrir það fór aðalmeðferðin fram og dómur gekk í framhaldi af því. Var ákærði dæmdur í 45 daga óskilorðsbundið fangelsi. Með úrskurði Endurupptökudóms 28. mars 2022 í máli nr. 41/2021 var fallist á að endurupptaka dóm héraðsdóms.

## *1. Málavextir*

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu var akstur ákærða stöðvaður að kvöldi fimmtudagsins 22. nóvember 2018 á Njarðarbraut í Reykjanesbæ í þeim tilgangi að athuga með ökuréttindi hans. Framvísaði ákærði alþjóðlegu ökuskírteini frá Syrian Arabic Republic en við skoðun á því vaknaði grunur um að það væri falsað.

Við skýrslutöku hjá lögreglu sama dag sagðist ákærði ekki vita til þess að ökuskírteinið væri falsað og hann hafi fengið það í Tyrklandi og íslenskur maður hafi látið hann hafa það. Hann hafi fengið skírteinið fyrir þremur mánuðum og greitt fyrir það 20.000 krónur.

Niðurstaða rannsóknar á ökuskírteininu var sú að það væri falsað og svokallað sýndarskjal (Fantasy document). Skírteinið eigi sér ekki neina fyrirmynd í ósviknu alþjóðlegu ökuskírteini frá Sýrlandi en slík skírteini hafi allt aðra uppbyggingu og útlit. Í texta á fram- og bakhlið ökuskírteinisins eru villur og misræmi. Skírteinið er mjög óvandað að allri gerð og öryggisatriði ekki til staðar í því. Um sé að ræða ódýra og grófa fölsun.

### *2. Framburður ákærða og vitna fyrir dómi*

Ákærði kvaðst ekki hafa vitað að ökuskírteinið væri falsað en hann hafi fengið það í Sýrlandi og hann hafi verið með ökuréttindi þar í landi. Ákærði sagði að annar maður hafi komið með ökuskírteinið til Íslands. Hann hafi verið búinn að leggja skírteinið inn til lögreglu hér á landi til þess að fá íslenskt ökuskírteini.

Vitnið, lögreglumaður nr. Ö, kvaðst hafa fengið grunsamlegt ökuskírteini til rannsóknar. Skoðun á því hafi leitt í ljós að það hafi ekki átt neina samsvörun í gildu skilríki frá Sýrlandi. Um hafi verið að ræða óvandaða og augljósa fölsun og yfir allan vafa hafið að skírteinið hafi verið falsað.

### *3. Niðurstaða*

Ákærði neitar sök en í skýrslu um rannsókn á ökuskírteininu segir að það eigi sér ekki fyrirmynd í ósviknu alþjóðlegu ökuskírteini frá Sýrlandi. Í texta á framhlið og bakhlið skírteinisins eru villur og ósamræmi. Ökuskírteinið er mjög óvandað að allri gerð og engin öryggisatriði til staðar í því. Um mjög ódýra og grófa fölsun sé að ræða. Lögreglumaður staðfesti skýrsluna fyrir dómi og sagði það hafið yfir allan vafa að ökuskírteinið hafi verði falsað. Með vísan til þessa telst sannað að ákærða hafi verið ljóst að skírteinið væri falsað og þykir hafið yfir skynsamlegan vafa að hann hafi framvísað því við lögreglu í blekkingarskyni. Samkvæmt rannsóknargögnum hafði ákærði sótt um íslensk ökuréttindi þegar atvikið varð og verður ekki fullyrt að hann hafi verið án ökuréttinda í umrætt sinn. Brot ákærða þykir því varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 en ekki jafnframt við 1. mgr. 58. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

## IV

### *Sakhæfi, refsing og sakarkostnaður*

Eins og fram er komið sætti ákærði geðrannsókn til að meta sakhæfi hans. Niðurstaða dómkvadds matsmanns er sú að ákærði sé sakhæfur og refsing geti borið árangur. Með vísan til þess verður ákærða gerð refsing í málinu.

Samkvæmt sakavottorði ákærða var hann í desember 2017 dæmdur í 30 daga fangelsi fyrir skjalafals. Í þessu máli hefur hann verið sakfelldur fyrir fjölmörg brot m.a. fimm valdstjórnarbrot, að hafa gabbað lögreglu tvívegis, tvö brot gegn nálgunarbanni, líkamsárás, húsbrot og brot gegn sóttvarnarlögum. Ákærði hefur ekki látið af brotastarfsemi sinni þrátt fyrir að lögregla hafi ítrekað haft afskipti af honum. Við ákvörðun refsingar ákærða verður höfð hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga og þá verður tekið tillit til 1., 5., 6. og 8. tölulið 1. mgr. 70. gr. laganna. Með vísan til þessa þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í tólf mánuði en til frádráttar refsivistinni skal koma með fullri dagatölu gæsluvarðhaldsvist sem ákærði hefur sætt frá 17. mars 2022 til dagsins í dag. Ekki er tilefni til að skilorðsbinda refsinguna að neinu leyti.

Með vísan til 37. gr. vopnalaga nr. 16/1998 skal ákærði sæta upptöku til ríkissjóðs á útdraganlegri kylfu.

Ákærði greiði allan sakarkostnað þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Stefáns Ragnarssonar lögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin með hliðsjón af tímaskýrslu verjandans og umfangi málsins 3.637.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Málsvarnarlaunin taka einnig til starfa verjandans á rannsóknarstigi málsins. Það skal tekið fram að tímaskráning í tímaskýrslu þykir úr hófi. Ákærði greiði annan sakarkostnað 716.440 krónur.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Friðrik Smári Björgvinsson aðstoðarsaksóknari.

Ingi Tryggvason héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

### **D ó m s o r ð:**

Ákærði, Mohamad Kourani, sæti fangelsi í tólf mánuði en til frádráttar refsivistinni skal koma með fullri dagatölu gæsluvarðhaldsvist sem ákærði hefur sætt frá 17. mars 2022 til dagsins í dag.

Ákærði sæti upptöku til ríkissjóðs á útdraganlegri kylfu.

Ákærði greiði allan sakarkostnað málsins þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Stefáns Ragnarssonar lögmanns, 3.637.000 krónur. Ákærði greiði annan sakarkostnað 716.440 krónur.

Ingi Tryggvason